

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 111/1955. Magnús Thorlacius (sjálfur)

gegn

Valtý Stefánssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Líndal.

Ömerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1955. Það er aðalkrafa hans, að stefnda verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, en varakrafa, að viðurkennt verði, að stefnda hafi verið óheimilt og vítavert að birta grein þá, sem málið fjallar um, merкта stöfunum „M. Th.“ Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í héraðsstefnu er ekki önnur lýsing á tildrögum máls þessa en sú, að í tilteknu tölublaði Morgunblaðsins hafi birzt smágrein með fyrirsögninni „Ósmekklegar orðmyndir“, sem merkt hafi verið áfrýjanda án heimildar. Í greinargerð, sem svo er nefnd og lögð var fram með stefnunni, er um málavöxtu eingöngu vísað til stefnu og umrædds eintaks af Morgunblaðinu. Er þannig hvorki í stefnu né greinargerð að því vikið, að áfrýjandi hafi verið höfundur umgetinnar ritsmiðar, og gefur málatilbúnaðurinn ekki tilefni til að ætla, að svo hafi verið. Ekki er þess heldur að neinu getið, hvað þeim áfrýjanda og stefnda hafði áður farið á milli um atburði þá, er urðu efni til málshöfðunar. Áfrýjandi krefst svo í héraðsstefnu og greinargerð samkvæmt þeirri atvikalýsingu, sem að framan greinir, að stefnda verði „dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög leyfa“, en getur þar hvorki heimildar til höfðunar einkarefsimáls né þess eða þeirra refsíákvæða í lög-

um, er hann taldi stefnda hafa brotið. Var þó sérstök þörf á að greina slík lagaákvæði, ef til voru, þar sem áfrýjandi átaldi það eitt í stefnu og greinargerð, að upphafsstafir nafns hans hefðu verið notaðir heimildarlaust, en vék ekki að því, að stefndi hefði birt ritsmíð eftir hann í óleyfi. Málið hefur þannig verið tekið upp og flutt í héraði af hálfu áfrýjanda með þeim hætti, sem brýtur mjög í bága við fyrirmæli 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað og málflutning. Héraðsdómari hefði því átt, þegar gagnaöflun var talið lokið, að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar. Og þar sem hann gerði það ekki, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1500.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, greiði stefnda, Valtý Stefánssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 28. nóvember 1953, gegn Valtý Stefánssyni ritstjóra, Laufásvegi 63, hér í bæ. Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til refsingar og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að í 271. tölublaði XL. árgangs Morgunblaðsins, er út kom 27. nóvember 1953, birtist smágrein með fyrirsögninni: „Ósmekklegar orðmyndir“. Stefnandi kveðst hafa ritað grein þessa og sent stefnda hana til birtingar í Morgunblaðinu, en í bréfi til stefnda, er fylgdi greininni og stefnandi lagði fram við munnlegan flutning málsins, segir svo orðrétt meðal

annars: „Mig langar til að biðja yður að taka hjálagða grein nafnlaust í heiðrað blað yðar“. Grein þessa kveður stefnandi merktá sér án heimildar, en hún er birt í sérstökum dálki í blaðinu, þar sem venja mun vera að birta ýmis aðsend bréf frá lesendunum, og er greinin auðkennd með stöfunum M. Th.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi með því að auðkenna greinina þannig gerzt sekur um refsivert athæfi og geti blaðamaður í starfi sínu varla framið verra afbrot. Telur stefnandi, að stefndi hafi með þessu brotið gegn ákvæðum rithöfundalaganna um höfundarétt.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að nefnd grein hafi eigi verið merkt stefnanda. Í greininni sé hvergi sagt, að stefnandi sé höfundur hennar, heldur einungis að M. Th. hafi skrifað blaðinu það, sem síðar sé tekið upp. Mótmælir stefndi því, að með stöfunum M. Th. sé gefið í skyn, að stefnandi sé höfundur greinarinnar.

Enda þótt stefnandi hafi áskilið, að grein sú, er hér um ræðir, yrði birt nafnlaus, var stefnda allt að einu rétt að auðkenna hana á einhvern þann hátt, er eigi varð af ráðið, hver höfundurinn var, enda eigi óeðlilegt, að greinar, sem sendar eru dagblaði til birtingar, séu þannig aðgreindar frá öðru efni þess. Og þótt svo hafi tekizt til í þessu tilviki, að grein stefnanda var auðkennd með upphafsstöfum í nafni hans, verður eigi fallizt á, að með því hafi verið farið að andstætt þeim áskilnaði hans, að greinin yrði birt nafnlaus, þar sem eigi verður séð, að með því sé á neinn hátt gefið í skyn, að hann sé höfundurinn, enda eru þeir fjölmargir, sem eiga upphafsstafi þessa í nöfnum sínum. Þá er og á það að líta, að ekkert er fram komið í málinu, er gefi til kynna, að stefnandi auðkenni á þenna umrædda hátt ritsmíðar, sem hann er höfundur að og birtast á opinberum vettvangi.

Með skírskotun til framanritaðs verður eigi talið, að stefndi hafi á nokkurn hátt brotið af sér gagnvart stefnanda með því að auðkenna margnefnda grein á þann hátt, sem gert var, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda. Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Valtýr Stefánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu.



Stefnandi greiði stefnda kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 34/1956. **Gunnar Sæmundsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Vigfúsi Kristjánssyni (sjálfur).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 400.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Sæmundsson, greiði stefnda, Vigfúsi Kristjánssyni, kr. 400.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Vigfús Kristjánsson húsasmiður, Laugateigi 28, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu